

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Elsu Láru Arnardóttur um aðgerðir á kvennadeildum sjúkrahúsanna.

1. Hvað eru langir biðlistar eftir aðgerðum á

- kvennadeild Landspítala,
- kvennadeild Sjúkrahússins á Akureyri,
- kvennadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi?

Hafa skal í huga að einstaklingar sem þurfa bráðameðferð fara ekki á biðlista, bráðatilfellum er ávallt sinnt tafarlaust og hafa biðlistar þar engin áhrif.

Biðtími eftir aðgerðum á sjúkrahúsum er mjög mismunandi eftir aðgerðum. Embætti landlæknis birtir á heimasíðu sinni upplýsingar um biðlista vegna þrenns konar aðgerða sem framkvæmdar eru á kvennadeildum. Nýjustu tölur frá október 2013 eru í eftirfarandi töflu. Biðlisti embættis landlæknis miðast við þá sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði. Fyrstu þrjá mánuði eftir að aðgerð er ákveðin telst viðkomandi einstaklingur vera á vinnulista.

<i>Aðgerðir v/legsigs</i>	Fjöldi á biðlista	Biðtími í vikum
Landspítali	234	48
Sjúkrahúsið á Akureyri	11	-
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	19	3-6
<i>Brottnám legs</i>		
Landspítali	81	26
Sjúkrahúsið á Akureyri	10	-
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	16	3-6
<i>Ófrjósemisaðgerðir á konum</i>		
Landspítali	14	34
Sjúkrahúsið á Akureyri	0	-
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	4	2-3

Aðgerðum á Sjúkrahúsinu á Akureyri lýkur almennt meðan aðgerð er enn á vinnulista og ná aðgerðir því ekki á biðlista eins og hann er skilgreindur af landlækni.

2. Hvað eru framkvæmdar margar aðgerðir árlega á hverri deild?

Í töflu hér fyrir aftan kemur fram fjöldi aðgerða á kvennadeildum, annars vegar er um að ræða stærri aðgerðir sem almennt eru framkvæmdar í innlögn og hins vegar minni aðgerðir sem almennt eru framkvæmdar á dagdeildum.

	Landspítali	Sjúkrahúsið á Akureyri	Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Stærri aðgerðir	619	102	275
Minni aðgerðir	1.389	251	408
Aðgerðir alls	2.008	353	683

3. *Hversu mörgum aðgerðum er hægt að bæta við á hverju ári á kvennadeild Sjúkrahússins á Akureyri annars vegar og hins vegar kvennadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands?*

Hvorug þeirra stofnana sem spurningin beinist að svaraði henni með beinum hætti. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri takmarkar tími á skurðstofu og legurými afköst kvennadeildar. Fjölga mætti aðgerðum með óbreyttri læknamönnun ef framangreindir flöskuhálsar væru ekki til staðar. Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands er mögulegt við núverandi aðstæður að bæta lítillega við aðgerðum sem hægt er að gera á dag- eða göngudeild. Til að fjölga stærri og þyngri kvensjúkdómaaðgerðum þyrfti að endurskipuleggja starfsemi skurðstofa og styrkja læknamönnun.

4. *Eru þær konur sem bíða eftir aðgerðum á kvennadeild Landspítala upplýstar um það ef biðtíminn er styttri á Sjúkrahúsinu á Akureyri eða Heilbrigðisstofnun Vesturlands?*

Konum sem leita svara hjá kvennadeild Landspítala um hvort hægt sé að fá aðgerð framkvæmda með styttri biðtíma annars staðar er bent á að ræða við tilvísandi lækni sem metur í hverju tilfelli hvort slíkt er mögulegt. Í svari Heilbrigðisstofnunar Vesturlands kom fram að líklega væri nokkuð tilviljanakennt hvernig þessari upplýsingagjöf væri háttáð og því um brotalöm að ræða með hliðsjón af 18. gr. laga um réttindi sjúklinga.¹ Í svari Sjúkrahússins á Akureyri kom fram að ekki lægju fyrir upplýsingar um hvort eða í hversu ríkum mæli konur sem bíða aðgerða á kvennadeild Landspítala væru upplýstar um hvort biðlisti Sjúkrahússins á Akureyri vegna sambærilegar þjónustu væri styttri en á Landspítala.

¹ Greinin hljóðar svo:

„Þurfi sjúklingur að bíða eftir meðferð skal læknir, sem hann leitar til, gefa skýringar á biðinni ásamt upplýsingum um áætlaðan biðtíma.

Skýlt er að gera sjúklingi grein fyrir því ef unnt er að fá þá meðferð sem hann þarfnast fyrr annars staðar.“